



Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 2. júlí 2026

SFS26060088

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 2.7.2026 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Samþykkt skóla- og frístundaráðs um að leggja matsferilinn fyrir alla árganga í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 22. júní 2026, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs sama dag um að leggja matsferil Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fyrir alla árganga í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári, ásamt fylgiskjöllum.

Lögð fram svohljóðandi viðaukatillaga áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

Lagt er til að samráð verði haft við KFR og FSR, Kennarafélag Reykjavíkur og skólastjórnendafélag Reykjavíkur, um útfærslu tillögurnar og hvernig unnið verði með niðurstöðurnar sem og birtingu þeirra.

Samþykkt.

Upphafleg tillaga er samþykkt svo breytt.

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar leggur ríka áherslu á að styrkja grunnskólana með markvissum aðgerðum sem bæta námsárangur og efla faglegt starf. Í samstarfsyfirlýsingu meirihlutans var heitið að innleiða samræmt námsmat í öllum árgöngum grunnskólans og hefja samtal við ríkið um samræmt lokamat á fyrsta ári kjörtímabilsins. Með þessari tillögu er það loforð efnt og jafnframt hefur borgarstjóri þegar hafið samtal við mennta- og barnamálaráðuneytið um næstu skref. Með árlegri fyrirlögn matsferils Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu í öllum borgarreknum grunnskólum og markvissri úrvinnslu niðurstaðna skapast öflugur grunnur til að greina námsframvindu snemma og veita nemendum viðeigandi stuðning. Markmiðið er ekki að raða skólum heldur að styðja kennara, skólastjórnendur og nemendur með traustum gögnum sem stuðla að betri námsárangri og auknu jafnræði. Sérstaklega er ánægjulegt að sett séu skýr og mælanleg markmið um að fleiri nemendur nái væntri framvindu milli ára og að markvisst verði dregið úr þeim hópi sem stendur undir hæfniviðmiðum í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði. Þannig verður hægt að



Reykjavík



fylgjast með árangri, beina stuðningi þangað sem þörfin er mest og byggja upp skólakerfi Reykjavíkurborgar sem verður í fremstu röð.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistasflokksins fagnar því að matsferill verði lagður fyrir alla árganga sem samræmt mat. Aftur á móti er lýst yfir áhyggjum ef birta á niðurstöðurnar opinberlega eins og kemur fram í verkefnalista meirihlutans. Niðurstöður úr samræmdum prófum sem slíkum endurspeгла ekki aðeins námshæfni og gæði náms heldur skýra félags- og efnahagslegir þættir alltaf hluta niðurstaðna. Með öðrum orðum geta skólar verið að vinna eins faglega og þeim er unnt þrátt fyrir áskoranir meðal nemenda. Bregðast þarf við niðurstöðunum en ekki er gagnlegt að birta þær opinberlega þar sem það mun aðeins ala á ótta, fordómum og tortryggni í garð tiltekinna skóla eða hverfa og dýpka þannig gjá milli íbúa borgarinnar. Slíkt er síst af öllu eitthvað sem ný borgarstjórn ætti að stuðla að á okkar tímum þegar vaxandi sundrung og skautun í samfélaginu ógnar öryggi og velferð okkar allra. Tryggja þarf faglega úrvinnslu á gögnunum, með skýrum verkferlum um hvernig nýta eigi niðurstöðurnar til umbóta í kennslu og efla stuðning við nemendur þar sem þarf. Treysta þarf kennurum til að nýta niðurstöðurnar í skólastarfi og kennslu ásamt auknum stuðningi og samstarfi frá skóla- og frístundasviði.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



Reykjavík, 22. júní 2026
SFS26060088

Borgarráð

Samþykkt skóla- og frístundaráðs um að leggja matsferilinn fyrir alla árganga í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. júní 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins, dags. 15. júní 2026:

Lagt er til að Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) verði lagður fyrir í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári og gengið verði til samtals við sjálfstætt starfandi skóla um að gera slíkt hið sama. Jafnframt verði tryggt að unnið verði markvisst með niðurstöður prófanna og þeim fylgt eftir með aðgerðum, með það að markmiði að hámarka líkur á námslegum framförum allra nemenda. Markmiðið er að tryggja jafnræði í námi, styðja faglegt starf skóla og bæta námsárangur og til lengri tíma að skólakerfi Reykjavíkurborgar verði í fremstu röð. Til þess að svo megi verða eru sett tvö mælanleg markmið sem fylgt verður eftir með árlegum gögnum matsferilsins: 1. Að hækka, á hverju skólastigi og ár frá ári, hlutfall nemenda sem nær væntri framvindu milli ára samkvæmt aldursbundnum viðmiðum matsferils. 2. Að fækka markvisst í þeim hópi nemenda sem mælist undir hæfniviðmiðum í lesskilningi, lesfimi og stærðfræði, jafnt í öllum skólum óháð félagslegri stöðu.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins sátu hjá við afgreiðsluna.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráð

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn fagnar áherslu á samanburðarhæfum mælingum sem geta metið stöðu einstaka skóla sem og skólakerfisins í heild. Mikilvægt er að fylgja því verkefni eftir, að gæta þess að aðferðir við mælingar meti það sem þeim er ætlað og leita leiða til að mæla það sem eftir stendur óljóst.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Kennarar fagna því eindregið að Matsferill sé kominn í gagnið. Treysta þarf fagfólkinu í skólunum til að taka ákvarðanir um að nýta mælitæki sem þessi og langflestir skólar hafa nú þegar nýtt sér Matsferilinn í öllum árgöngum og munu gera það áfram. Kennarar vilja nýta niðurstöðurnar skólastarfi og kennslu til framdráttar.



Reykjavík



Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstrisins tekur undir það að treysta þurfi fagfólkinu í skólunum til að taka ákvarðanir um að nýta mælitæki sem þessi.

Virðingafyllst

Steinn Jóhannsson
sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 15. júní 2026



Reykjavík

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og Viðreisnar.

Reykjavík, 15. júní 2026
SFS26060089

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að leggja matsferilinn fyrir alla árganga í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári.

Lagt er til að Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) verði lagður fyrir í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári og gengið verði til samtals við sjálfstætt starfandi skóla um að gera slíkt hið sama. Jafnframt verði tryggt að unnið verði markvisst með niðurstöður prófanna og þeim fylgt eftir með aðgerðum, með það að markmiði að hámarka líkur á námslegum framförum allra nemenda. Markmiðið er að tryggja jafnræði í námi, styðja faglegt starf skóla og bæta námsárangur og til lengri tíma að skólakerfi Reykjavíkurborgar verði í fremstu röð. Til þess að svo megi verða eru sett tvö mælanleg markmið sem fylgt verður eftir með árlægum gögnum matsferilsins:

- Að hækka, á hverju skólastigi og ár frá ári, hlutfall nemenda sem nær væntri framvindu milli ára samkvæmt aldursbundnum viðmiðum matsferils.
- Að fækka markvisst í þeim hópi nemenda sem mælist undir hæfniviðmiðum í lesskilningi, lesfimi og stærðfræði, jafnt í öllum skólum óháð félagslegri stöðu.

Greinargerð

Matsferill er námsmatskerfi sem dregur upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda reglulega yfir skólagönguna.

Í Matsferli eru stöðu- og framvindupróf sem lögð eru fyrir í:

- Lesfimi
- Lesskilningi
- Stærðfræði

Prófin í lesskilningi og stærðfræði eru útbúin fyrir alla árganga frá 4. upp í 10. bekk, en eru skyldubundin fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk. Lesfimiþrófin eru valkvæð og í boði fyrir alla árganga.

Tillagan nýtir matstæki sem ríkið leggur skólum til og er leið til að styrkja skólastarf og auka jafnræði og á sér traustan stuðning í alþjóðlegum rannsóknum. Þó er það ekki fyrirlögn prófanna í sjálfu sér sem skiptir mestu máli heldur það sem á eftir kemur: að vinna markvisst úr niðurstöðunum, setja þær í samhengi við aðrar breytur og fylgja greiningunum eftir með aðgerðum. Þá fyrst verða gögnin gagnleg og leiða til raunverulegra framfara hjá börnum, skólum og skólakerfinu í heild. Með því að samþykkja a.m.k. árlega fyrirlögn í lesfimi í öllum árgöngum grunnskólans og árlega fyrirlögn í 4. – 10. bekk í stöðu- og framvindumati í lesskilningi og stærðfræði gengur Reykjavík lengra en lög kveða á um.

Rannsóknir sýna að þegar skólar byggja ákvarðanir á gögnum batnar námsárangur nemenda. Í umfangsmikilli rannsókn van Geel og félaga (2016) á 53 grunnskólum jókst árangur sem nam um einum auka skólamánuði, og ávinningurinn var mestur í skólum þar sem félagsleg staða var lág. Sambærilegar niðurstöður hafa fengist í fleiri samanburðarrannsóknum (Keuning o.fl., 2019). Þetta styður kjarna tillögunnar: að nýta gögn til umbóta og jafnræðis, ekki til röðunar.

Regluleg, leiðsagnarmiðuð fyrirlögn matsferils er sömuleiðis vel rökstudd. Yfirlitsrannsókn Sortwell og félaga (2024) á þrettán safngreiningum sýnir að leiðsagnarmat hefur almennt jákvæð áhrif á nám. Greining á PISA-gögnum frá tæplega 152.000 nemendum í 19 löndum staðfestir að kerfisbundin eftirfylgni með framförum tengist betri námsárangri (Yan og Chiu, 2023).

Mikilvægt er að leggja áherslu á að meta framfarir fremur en stöðu og greina snemma þá nemendur, árganga og skóla sem þurfa stuðning og þá hvaða stuðning. Slík snemmtæk og gagnadrifin nálgun gerir kennurum, skólastjórnun og skólayfirvöldum í Reykjavík kleift að grípa fyrr inn í og beina fjármagni þangað sem þörfin er mest.

Fyrir Reykjavíkurborg er þetta tækifæri til að byggja upp skólakerfi þar sem ákvarðanir hvíla á traustum gögnum og markmiðið er að hámarka námsframfarir allra barna.

Heimildir

- van Geel, M., Keuning, T., Visscher, A. J. og Fox, J.-P. (2016). Assessing the effects of a school-wide data-based decision-making intervention on student achievement growth in primary schools. *American Educational Research Journal*, 53(2), 360–394. <https://doi.org/10.3102/0002831216637346>
- Keuning, T., van Geel, M., Visscher, A. J. og Fox, J.-P. (2019). Assessing and validating effects of a data-based decision-making intervention on student growth for mathematics and spelling. *Journal of Educational Measurement*, 56(4), 757–792. <https://doi.org/10.1111/jedm.12236>
- Sortwell, A., Trimble, K., Ferraz, R., Geelan, D. R., Hine, G., Ramirez-Campillo, R., Carter-Thuiller, B., Gkintoni, E. og Xuan, Q. (2024). A systematic review of meta-analyses on the impact of formative assessment on K-12 students' learning: Toward sustainable quality education. *Sustainability*, 16(17), Article 7826. <https://doi.org/10.3390/su16177826>
- Yan, Z. og Chiu, M. M. (2023). The relationship between formative assessment and reading achievement: A multilevel analysis of students in 19 countries/regions. *British Educational Research Journal*, 49(1), 186–208. <https://doi.org/10.1002/berj.3837>